208	Morene	20	106	9,81	96,19	4	5,333333	0,248	49,6	0,001133	0,000567	0,021881
207,5	Morene	20	116	9,81	106,19	4,5	6	0,166666667	33,33333333	0,000754	0,000377	0,022258
207	Morene	20	126	9,81	116,19	5	6,666667	0,085333333	17,06666667	0,000382	0,000191	0,022449
206,5	Morene	20	136	9,81	126,19	5,5	7,333333	0,004	0,8	1,78E-05	8,89E-06	0,022458
206	Morene	20	146	9,81	136,19	6	8		0	0	0	0,022458
205,5	Morene	20	156	9,81	146,19	6,5	8,666667		0	0	0	0,022458
205	Morene	20	166	9,81	156,19	7	9,333333		0	0	0	0,022458
204,5	Morene	20	176	9,81	166,19	7,5	10		0	0	0	0,022458
204	Morene	20	186	9,81	176,19	8	10,66667		0	0	0	0,022458
											Total setninger	**0,0225** m

2,2 cm

Analysis for sands and silts after Janbu

For sands and silts the stress exponent j receives the value around 0,5, for the reference stress σ_r = 100 kPa the resulting settlement equals to the sum of partial settlements of individual layers. It can be derived from the following formula:

$$s_i = \frac{h_i}{5.m_i}.\left(\sqrt{\sigma_{or,i} + \sigma_{z,i}} - \sqrt{\sigma_{or,i}}\right)$$

where:		
	$\sigma_{or,i}$	vertical component of geostatic stress in the middle of ith layer
	$\sigma_{z,i}$	vertical component of incremental stress (e.g. stress due to structure surcharge) inducing layer compression
	m_i	Janbu modulus in the ith layer
	h_i	thickness of the ith layer

33 Setningsfare

Setninger kan oppstå når en jordart utsettes for større belastning enn den tidligere har hatt. Kornskjelettet trykkes da sammen slik at porevann presses ut. Slik belastning kan f.eks. komme fra en bygning eller oppfylte masser. Setninger kan også oppstå hvis grunnvannsstanden senkes pga. utgraving eller drenering.

Det blir størst setning i vannrike jordarter, slik som i leire og organiske jordarter. Dersom en mer grovkornet, mineralsk jordart er forurenset med organiske materialer, kan også denne jordarten gi store setninger. Meget løst lagret sand kan også gi en del setninger. På grunn av sandens ofte ujevne lagringstetthet kan det oppstå små, men skarpe setningsdifferanser som vil være skadelige for bygget.

Hvis tomta inneholder tette jordarter, f.eks. leire, kan setningene utvikle seg over meget lang tid, ofte flere år. Jordarter som slipper igjennom mye vann, f.eks. sand, gir ofte momentane setninger. Det er først og fremst setningsforskjeller mellom de ulike delene av fundamentene som kan gi skader på bygninger. Setningsforskjeller gir en setningshelning som vist i fig. 33. Se også tabell 33.



Fig. 33
Setningsforskjell og setningshelning

Tabell 33
Setningshelning og skade på bygninger
Orienterende verdier

Setningshelning, ‰	Skade
< 2	Ingen synlige skader på vanlige bygg
2 – 3	Synlige, stort sett ufarlige skader
3 – 7	Konstruktive skader
> 7	Ødeleggende skader

Janbu characteristics

Values of the Janbu modulus m and of stress exponent j (according Canadian Foundation Engineering Manual 1992)

Soil	Janbu modulus m	Stress index j
Very dense to dense till, glacial till	1000 – 300	1
Gravel	400 – 40	0.5
Dense sand	400 – 250	0.5
Medium condition sand	250 – 150	0.5
Loose sand	150 – 100	0.5
Dense silt	200 – 80	0.5
Medium condition silt	80 – 60	0.5
Loose silt	60 – 40	0.5
Hard to very stiff clay	60 – 20	0
Medium to stiff clay	20 – 10	0
Soft claye silt	10 – 5	0
Soft marine clays	20 – 5	0
Organic clays	20 – 5	0
Peats	5 – 1	0

Referencer:
http://www.finesoftware.eu/help/geo5/en/janbu-characteristics-01/

http://www.fig.ol.no/~atso0701/NS%20tabeller/511101.pdf

Bilag E Geoteknisk Rapport om skjellsand/grus

SKELJAGRÚS

Tillögur að notkun

Jón Skúlason
Pálmi R. Pálmason
Eyjólfur Á. Rafnsson
Sigurður R. Helgason

MARS 2005

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 2

2 SKILGREINING VERKS 3

3 RANNSÓKNIR 2004 3

3.1 RANNSÓKNARSTAÐUR 3
3.2 SÁLDURFERILL 4
3.3 PLÖTUPRÓF 4
3.3.1 Framkvæmd prófa 4
3.3.2 Mælingar 5
3.3.3 Niðurstöður útreikninga samkvæmt Janbu (8) 7

4 NIÐURSTÖÐUR ELDRI RANNSÓKNA Á SKELJAGRÚS 9

4.1 SÁLDURFERLAR 9
4.2 BERGGREINING 10
4.3 NIÐURBROT 10
4.4 BURÐARÞOLSPRÓFANIR 10
4.5 SIG 11
4.6 EFTIRLITSPRÓF 11
4.7 SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR FYLLINGAREFNI 12

5 TILLAGA AÐ NOTKUN Á SKELJAGRÚSAR Í VEGA- OG GATNAGERÐ ÁSAMT GRUNDUN HÚSA 13

5.1 ALMENNT 13
5.2 TILLAGA AÐ NOTKUN SKELJAGRÚSAR Í VEGI, GÖTUR OG PLÖN MEÐÞUNGRI UMFERÐ 13
5.3 TILLAGA AÐ NOTKUN SKELJAGRÚSAR Í VEGI, GÖTUR OG PLÖN MEÐ LÉTTRI UMFERÐ 13
5.4 TILLAGA AÐ NOTKUN SKELJAGRÚSAR UNDIR HÚS 13
5.5 EFTÍRLIT MEÐ ÞJÖPPUN FYLLINGA 14

6 NIÐURSTÖÐUR 14

7 HEIMILDIR 15

8 LISTI YFIR TÁKN 16

1 INNGANGUR

Undanfarin ár hefur Björgun hf. selt verulegt magn af skeljagrús í fyllingar og þá aðallega í undirfyllingar við hafnar- og gatnagerð en einnig undir hús á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Reynslan af efninu er að flestu leyti góð og bendir til þess að nota megi efnið í meira mæli t.d. í fyllingu undir hús. Til þess að athuga möguleika á að auka notkunarsvið skeljagrúsar var myndaður vinnuhópur á vegum Björgunar hf. Efnið var rannsakað nánar ásamt því að fara betur yfir niðurstöður fyrri rannsókna. Í vinnuhópnum eru; Sigurður R. Helgason forstjóri Björgunar hf. og verkfræðingarnir Eyjólfur Á. Rafnsson, Jón Skúlason og Pálmi R. Pálmason. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum vinnuhópsins.

Mynd 1.1 Dæling á efni

Samanburður (sjá heimild 5) við niðurstöður fyrri rannsókna bendir til þess að plötupróf henti vel við mat á þjöppun bögglabergs ef fínefnishlutfall er nægilega hátt til að efsti hluti fyllingarinnar bindist vel. Aftur á móti er plötupróf óhentug aðferð til að meta þjöppun fínefnasnauðrar Björgunargrúsar þar sem efnið skortir bindingu í efstu 10 til 20 cm sem hins vegar verða ráðandi um niðurstöður mælinganna. Slíkt próf mælir þannig ekki raunverulega þjöppun fyllingarinnar vegna veikleika í efsta laginu sem á hinn bóginn breytist þegar næsta lag er valtað, hvort sem það er nýtt fyllingarlag eða slitlag. Í ljósi þessa er óráðlegt að nota plötupróf til að meta þjöppun Björgunargrúsar nema fínefnishlutfall grúsarinnar sé minnst 4%.

Niðurstöður mælinga á skeljagrús benda til þess að efnið bindist sæmilega og því sé mæling með plötuprófi nægilega nákvæm. Við eftirlit með þjöppun fyllinga er lagt til að miða einkum við notkun þjöppumælis í valta og að tækið sé skalað við niðurstöður úr plötuprófum. Í eftirfarandi greinargerð er m.a. fjallað um eftirlit með þjöppun skeljagrúsar.

2 SKILGREINING VERKS

Verkið felur í sér:

- Gera grein fyrir rannsóknum á skeljagrús árið 2004.
- Fara yfir eldri rannsóknir á skeljagrús.
- Bera niðurstöður rannsókna á skeljagrús saman við svipaðar rannsóknir á öðrum fyllingarefnum (Björgunargrús og bögglabergi).
- Fara yfir fyrri tillögur um notkun skeljagrúsar í vega- og gatnagerð og í fyllingu undir hús.
- Gera tillögu að jarðtæknilegum hönnunarforsendum fyrir skeljagrús.

3 RANNSÓKNIR 2004

3.1 Rannsóknarstaður

Valið var að prófa skeljagrús í Færslu Hringbrautar en þar er skeljagrús notuð í undirfyllingar en verktakinn er Háfell hf. Tilraunasvæðið er á fyllingingu úr skeljagrús austan gatnamóta Hringbrautar og Njarðargötu, sjá mynd 3.1. Fyllingin er skeljagrús niður á klöpp, alls um 4 m þykk. Grunnvatn var í um 1 m dýpi þegar fyllingin var rannsökuð með plötuprófi. Efnið hafði verið lagt út í um 0,6 m þykkum lögum sem voru völtuð með Ham titurvalta, 12,2 tonn á þyngd, fremri tromla. Valtinn fór 6-8 yfirferðir og var fylgst með þjöppun með þjöppumæli í valtanum.

Mynd 3.1 Fylling í Færslu Hringbrautar

3.2 Sáldurferill

Ákvörðuð var kornadreifing sýnis með sigtun. Fyrst var efnið votsigtað og síðan sigtað í sigtivél. Í aðalatriðum er prófað samkvæmt Statens vegvesen. Laboratorieundersøkelser. Retningslinjer. Kornfordeling ved våtsigting med slemmeanalyse, 14.434. Tölulegur sáldurferill sýnisins er í töflu 3.1 og jafnframt á línuriti, mynd 3.2. Samanburður við aðrar athuganir á skeljagrús sýna að efnið í fyllingunni við Hringbraut er grófara en algengast er en samt innan eðlilegra marka, sjá kafla 4.1.

Tafla 3.1 Sáldurferill sýnis

Nr (mm)	0,063	0,125	0,25	0,5	1	2	4	8	11,2	16	22,4	32	64
%	3,5	5,5	14,7	30,3	52,3	71,6	83,6	91,5	93,6	95,3	96,3	97,1	98,2



Mynd 3.2 Sáldurferill sýnis

3.3 Plötupróf

3.3.1 Framkvæmd prófa

Í aðalatriðum er prófað samkvæmt Statens vegvesen. Felt-undersøkelser. Retningslinjer. Platebelastning, 15.328. Gerð voru þrjú próf á hverja plötustærð og reiknað meðalgildi, sbr. eftirfarandi. Við prófin var álag aukið 1 tonns þrepum upp í 6 tonn sem var hæsta álag. Álag var tekið af plötunni og aukið aftur í 6 tonn í 1 tonna þrepum. Við hvert álagþrep var platan látin stöðvast og sig mælt.

3.3.2 Mælingar

Niðurstöður úr plötuprófum samkvæmt sömu reikniaðferð og notuð er í staðlinum (15.328) og af Rb eru sýndar í töflu 3.2.

Hæsta álag var 6 tonn við öll prófin. Við Ø 30 cm plötu var hæsta flatarálag 0,849 MPa (84,9 t/m²), á Ø 60 cm plötuna 0,2476 MPa og á Ø 100 cm plötuna 0,07639 MPa, þeas. mjög mikið álag, miðlungsálag og lítið álag. Niðurstöður annars vegar varðandi E1 eru sýndar á mynd 3.3 og hins vegar varðandi E2 á mynd 3.4.

Tafla 3.2 Niðurstöður úr plötuprófum

Plata Þvermál cm	Próf	Mælt E1 (MPa)	Mælt E2 (MPa)	Meðaltal E1 (MPa)	Meðaltal E2 (MPa)
30	30-1	41	143		
	30-2	45	138		
	30-3	33	119	40	133
60	60-1	31	114		
	60-2	27	96		
	60-3	25	95	28	102
100	100-1	17	87		
	100-2	20	90		
	100-3	33	121	23	99



Mynd 3.3 Niðurstöður úr plötuprófum, samband E1 og álags



Mynd 3.4 Niðurstöður úr plötuprófum, samband E2 og álags

Samanburður við niðurstöður fyrri prófa sýnir að E-gildin hér eru tiltölulega há fyrir efnið og að þau eru bæði háð plötustærð og álagi. Við sama álag á flatareiningu hækka E-gildin með plötustærð og jafnframt með auknu álagi, sjá heimild 5.

Einnig var til samanburðar fylgst með þjöppumæli í valta og auk þess mælt með falllóði áður en plötupróf voru gerð. Niðurstöður þeirra mælinga eru sýndar í töflu 3.3.

Tafla 3.3 Samanburður á niðurstöðum mælinga með þjöppumæli, falllóði og plötuprófi

Plata	Plötupróf			Falllóð	Þjöppumælir	
Þverm. cm	Próf	E1 (MPa)	E2 (MPa)	E_{mod}	CMVp	CMVf
30	30-1	41	143	206	58	58
	30-2	45	138	202	63	65
	30-3	33	119	199	68	69
60	60-1	31	114	194	64	69
	60-2	27	96	165	61	63
	60-3	25	95	174	52	53
100	100-1	17	87	175	45	45
	100-2	20	90	179	47	36
	100-3	33	121	180	49	43

Niðurstöður í töflu 3.3 benda til þess að fyllingin sé nokkuð breytileg og virðast áhrif 100 cm plötunnar ná niður í veikari fyllingu eða verr þjappaða skeljagrús. Til þess á hinn bóginn að skynja betur og skilja áhrif breytileika milli staða og mismunandi dýptar þyrfti mun fleiri próf.

3.3.3 Niðurstöður útreikninga samkvæmt Janbu (8)

Niðurstöður mælinga úr plötuprófunum má t.d. setja fram samkvæmt aðferð Janbu (1971). Spennumótstaðan M er þá reiknuð með líkingunni:

$$M\ (constrained\ modulus) = (\partial\sigma / \partial\varepsilon) = m p_a (\sigma / p_a)^{1-a} \qquad (3.1)$$

Þar sem:

m er modultala

p_a er viðmiðunarspenna, 100kPa

a er álagsstuðull (0,5 fyrir sand og möl (grús) en 0 fyrir silt og leir)

Samkvæmt því gildir eftirfarandi fyrir skeljagrúsina:

$$M = m\ \sqrt{0,1\sigma}\ (MPa) \qquad (3.2)$$

Niðurstöður plötuprófa samkvæmt slíkum útreikningum eru sýndar á mynd 3.5 fyrir hvert einstakt próf og á myndum 3.6 og 3.7 fyrir meðaltal hverrar plötustærðar.



Mynd 3.5 Samband m-gildis og álags fyrir hverja plötustærð



Mynd 3.6 Samband meðaltals m-gilda og álags fyrir hverja plötustærð



Mynd 3.7 Samband meðaltals m-gilda og álags fyrir hverja plötustærð þegar fyrsta álagsþrepi er sleppt

Niðurstöður mælinga koma gleggst fram á mynd 3.6 þar sem notað er meðaltal m-gilda og fyrsta álagþrepi sleppt. Á línuritinu er sýndur meðalferill breytinga á m með álagi.

Samanburðinum leiðir í ljós:

- Því lægra álag á flatareiningu, þeim mun hærra m-gildi amk innan mælisviðsins.
- m-gildi eru nokkurn veginn óháð plötustærð og álagi

- Meðalgildi m má nota fyrir mismunandi stærð á undirstöðu og fyrir breytilegt álag
- Þjöppun hefur áhrif á m-gildi upp að 0,2 MPa álagi en fyrir hærra álag eru áhrif þjöppunar óveruleg
- Niðurbrot í skeljagrús er lítið fyrr en álag er komið upp í 0,5 til 0,6 MPa, en niðurstöðurnar benda til þess að efnið taki þá að brotna niður.

Tillaga að viðmiðunargildi fyrir sigreikninga eru í töflu 3.4

Tafla 3.4 Tillaga að viðmiðunargildum fyrir m og r_s

Efnisstuðull	Spenna (Álag á flatareiningu)			
	0-0,1 MPa	0,1-0,2 MPa	0,2-0,5 MPa	>0,5 MPa
m ($M=m\sqrt{0,1\sigma}$)	500	400	300	Óráðlegt
r_s	5000	4000	3000	Óráðlegt

4 NIÐURSTÖÐUR ELDRI RANNSÓKNA Á SKELJAGRÚS

4.1 Sáldurferlar

Á mynd 4.1 er sýnt það svæði sem mældir sáldurferlar skeljagrúsar liggja á. Jafnframt sýna niðurstöður að Cu er oftast hærra en 3 og Cc er yfirleitt á bilinu 1 til 3.



Mynd 4.1 Svæði sáldurferla skeljagrúsar

Þar sem:

$Cu = D_{60}/D_{10}$

$Cc = (D_{30})2/(D_{60}xD_{10})$

D_{60}, D_{30} og D_{10} svarar til möskvastærðar sigta sem: 60%, 30% og 10% efnisins smýgur.

4.2 Berggreining

Berggreining sýnir að efnið (0,06-9,5 mm) er um 90% skeljabrot en 5% basalt-ferskt og 5% basalt-ummyndað. Í gæðaflokkun fyrir bundið slitlag flökkast skeljagrús um 90% í 2. flokk og afgangurinn dreifist nokkuð jafnt í 1. og 3. flokk.

4.3 Niðurbrot

Niðurbrot í skeljagrús hefur verið mælt í Proctor prófi bæði Standard og Modified. Niðurbrotið er metið með svonefndum Bg stuðli. Í Standard Proctor prófi mældist lítið niðurbrot (Bg<6) en í Modified prófi frá miðlungi til mikils niðurbrots í efninu (Bg 5 til 10). Niðurstöðurnar benda til þess að við mikla þjöppunarvinnu brotni skeljagrús talsvert niður en niðurbrot sé lítið við tiltölulega litla þjöppunarvinnu. Hið sama kann að eiga við varðandi álag.

Verkfræðistofan Hönnun gerði frost-þíðu próf á skeljagrús 1995 samkvæmt staðlinum SS 13 72 44. Niðurstaða prófanna var að veðrunarþol skeljagrúsarinnar sé gott.

4.4 Burðarþolsprófanir

Þríásapróf:

Samkvæmt niðurstöðum í heimild 6 er mælt viðnámshorn um og yfir 40° í velþjappaðri skeljagrús við lægra lóðrétt álag en 1 MPa, en ekki er mælt með að nota hærra álag á efnið.

Plötupróf:

Við lagningu Suðurlandsbrautar (VST hf. (1999)) og við efnisskipti í húsgrunnum í Hafnarfirði (ÍSTAK hf.(1999)) var burðarþol skeljagrúsarfyllingar mælt með plötuprófi. Samhliða uppbyggingu fyllingarinnar var mælt beint á fyllinguna sem og á misþykk burðarlög. Í öllum tilvikum var vandlega þjappað efni prófað. Við plötuprófin var notuð 45 cm plata og hæsta álag var 0,34 MPa. Niðurstöður plötuprófa eru í töflu 4.1.

Tafla 4.1 Niðurstöður plötuprófa

Uppbygging fyllingar	E1 MPa	E2 MPa	E2/E1
Skeljagrús	30	55	1,83
	30	60	2,00
	45	90	2,00
Skeljagrús undir 0,6 m þykkri Björgunarmöl	95	180	1,89
	60	130	2,17
Skeljagrús undir 0,6 m möl og 0,2 m púkkmulningi	80	150	1,88
	80	190	2,38
	80	130	1,63
	70	140	2,00
Skeljagrús undir 0,3 m þykku bögglabergslagi	30	45	1,50
Skeljagrús undir 0,5 m þykku bögglabergslagi	50	110	2,20
	110	180	1,64
	110	160	1,45
	90	180	2,00
Skeljagrús undir 0,7 m þykku bögglabergslagi	60	110	1,83
	50	95	1,90
	80	140	1,75
	65	130	2,00

Skeljagrúsin var völtuð vel blaut í 0,5 til 0,7 m þykkum lögum með 12 tonna titurvalta. Björgunargrúsin og bögglabergið voru einnig völtuð vel blaut með sama 12 tonna valtanum. Björgunargrúsin þarna er gróft, kantað, slitsterkt efni, mun stöðugra í sér en venjuleg möl. Púkkmulningurinn er úr Bolöldu og uppfyllti kröfur Reykjavíkurborgar um efnisgæði. Bögglabergið er úr Vatnsskarði, frostþolið, gott efni. Í einum valtanum var þjöppumælir og mældist Ω<300 á skeljagrúsinni en >400 þegar hætt var að valta bögglabergið.

4.5 Sig

Nokkrar rannsóknir eru til þar sem skeljagrús hefur verið prófuð í sigtæki á rannsóknastofu. Sammerkt með þessum prófum var að ekki tókst að þjappa efnið jafnvel og tekst með þungum titurvalta. Því er valið að miða við reiknuð gildi úr plötuprófum upp að áætluðu álagi frá valta en miða við niðurstöður úr sigprófum við hærra álag. Í töflu 3.4 er tillaga að efnisstuðlum fyrir þjappaða skeljagrús samkvæmt þessum forsendum.

4.6 Eftirlitspróf

Mælt með að nota almennt þjöppumæli við eftirlit með þjöppun fyllinga fremur en að styðjast eingöngu við plötupróf. Við upphaf verks skal meta þjöppun bæði með þjöppumæli og plötuprófi nema fyrir liggi niðurstöður mælinga frá svipuðum aðstæðum og fyllingarefnum. Út frá samanburði á niðurstöðum þeirra mælinga skal ákveða viðmiðunargildi þjöppumælis fyrir þjöppun viðkomandi fyllingar. Miðað er við að þjöppuð skeljagrús mælist með E2 hærri en 60 MPa, Björgunarsandur hærra en 80 MPa og Björgunargrús hærra en 100 MPa en sérstök hágæðamöl og bögglaberg hærra en 120 MPa. Eins og kemur fram í inngangi hentar plötupróf ekki beint á fyllingar úr sandi og grús. Er því lagt til varðandi slík efni að lagt verði 20 til 30 cm þykkt lag af bögglabergi eða gæðamöl og prófið gert á það lag til að meta burðargildið (E2>80 og >100 MPa miðast við þessa útfærslu). Öll plötupróf skulu gerð með 45 cm plötu við

hæsta álag 0,34 MPa.

4.7 Samanburður við önnur fyllingarefni

Í töflu 4.2 eru helstu niðurstöður úr samanburði fyllingarefna samkvæmt kafla 4. Miðað er við efni lagt út í hæfilega þykku lagi valtað með titurvalta.

Tafla 4.2. Samanburður á fyllingarefnum

	Skeljagrús	Björgunarsandur	Björgunargrús	Bögglaberg
Fínefni	<5%	<5%	<5%	<5%
Cu	>3			
Cc	1<Cc<3			
Rúmþyngd, ljóst efni:				
Þjöppuð rúmþyngd (kN/m^3)	17	21	24	23
CBR gildi:				
CBR (Standard Proctor)	25	40	60	80
CBR (Modified Proctor)	30	50	70	100
Niðurbrot:				
Bg (Standard Proctor)	<6	<5	<3	<3
Bg (Modified Proctor)	5-10	<5	<3	<3
Sigstuðlar þjappað efni:				
m ($M=m\sqrt{0,1\sigma}$) (MPa)	300-500*	400-600*	600-800*	600-800*
r_s	3000-5000*	4000-6000*	6000-8000*	6000-10000*
c_v (cm^2/mín)	>20	>20	>20	>20
Skerstyrkur, þjappað efni:				
Viðnámshorn (°)**	40	40-45	42-50	45-55
Samloðun	0	0	0	0
Lekt:				
Þjappað efni, k (cm/sek)	10^{-2}	10^{-2}	10^{-1}	1
Plötupróf:				
E2 (MPa)	>60	>80***	>100***	>120

* Háð álagi á flatareiningu
** Háð álagi og þjöppun
*** Próf gert samkvæmt lið 4.6, þunnt lag af gæðaefni efst.

Í heimild 7 er gerð grein fyrir niðurstöðum athugana í dynamisku þríásatæki á ysjunarhættu í íslenskum jarðefnum. Þar voru m. a. rannsökuð skeljagrús og Björgunarsandur. Niðurstaðan var að líkur á að Björgunarsandur og skeljagrús ysjist í jarðskjálfta eru svipaðar.

5 TILLAGA AÐ NOTKUN Á SKELJAGRÚSAR Í VEGA- OG GATNAGERÐ ÁSAMT GRUNDUN HÚSA

5.1 Almennt

Samanburðar fyllingarefna í töflu 4.2 sýnir að skeljagrús er um margt það efni sem síst hentar í fyllingu en þó um flest mjög hliðstætt fínefnasnauðum, frostþolnum Björgunarsandi. Skeljagrús þjappast verr en góður köntóttur sandur og brotnar meira niður við völtun með þungum titurvalta. Skeljagrús er 10 -20% léttari en sandur með tilsvarandi kornadreifingu og er því hættara við útskolun. Lagt er til að skeljagrús verði einkum notuð neðan til í fyllingar, þ.e.a.s. neðan við 0,5 m frá yfirborði. Vegna þess hve óvenju létt skeljagrús er verður að gæta þess að síukröfum milli hennar og grófara efnis sem hún leggst að sé fullnægt og þó sérstaklega sé fyllingin neðan grunnvatnsborðs. Skeljagrús er nokkru síðra fyllingarefni en Björgunargrús og bögglaberg en væntanlega mun ódýrara og því hagkvæm þar sem ekki er þörf á hágæðaefni.

5.2 Tillaga að notkun skeljagrúsar í vegi, götur og plön meðþungri umferð

Gert er ráð fyrir að götur og plön séu hönnuð samkvæmt Vegbygging (1991). Sé miðað við umferðarmestu vegi og plön fyrir þunga bíla þarf ofan á einskorna sand minnst 0,5 m þykkt neðra burðarlag, 0,2 m þykkt efra burðarlag og síðan 100 mm þykkt malbik. Samkvæmt niðurstöðum úr plötuprófum fullnægir skeljagrús skilyrðum um fyllingu undir neðra burðarlag.

5.3 Tillaga að notkun skeljagrúsar í vegi, götur og plön með léttri umferð

Gert er ráð fyrir að götur og plön séu hönnuð samkvæmt Vegbygging (1991). Miðað er við umferðarlétta vegi, húsagötur og plön fyrir létta bíla þarf ofan á skeljagrúsina minnst 0,25 m þykkt neðra burðarlag, 0,10 m þykkt efra burðarlag og síðan 50 mm þykkt malbik. Samkvæmt niðurstöðum úr plötuprófum fullnægir skeljagrús skilyrðum um fyllingu undir neðra burðarlag.

5.4 Tillaga að notkun skeljagrúsar undir hús

Við hönnun húsa eru tvö meginskilyrði, annars vegar að ekki verði brot (skrið) í efninu undir undirstöðunni og hins vegar að sig sé innan tiltekinna marka.

Sem dæmi um notkun á skeljagrús er valið að reikna 1,0 x 1,0 m súluundirstöðu þar sem fyllt er að súlunni með 0,3 m þykkri möl ofan neðri brún undirstöðu. Grunnvatn er áætlað í 1,0 m dýpt. Valið er að miða við að heildarsig verði mest 10 mm. Útreikningar á sigi eru samkvæmt Janbu (8) og efnisstuðlar samkvæmt töflu 4.2. Niðurstöður útreikninga eru:

Sé grundað á skeljagrús er reiknað sig um 10 mm við álag 450 kPa. Leyfilegt álag út frá broti í skeljagrúsinni er hins vegar um 220 kPa. Væri fyllt með 2,0 m þykku malarlagi undir undirstöðuna yrði leyfilegt álag út frá brotreikningum um 500 kPa. Ef fyllt væri með hágæða möl (vel drenuð möl úr köntuðum kornum) eða bögglabergi væri leyfilegt álag um 1000 kPa út frá broti og sig yrði um 12 mm.

Af þessum niðurstöðum má draga eftirfarandi ályktanir:

- Grunda má létt hús á skeljagrús (einnar til tveggja hæða hús með dreifðu álagi).
- Óráðlegt er að grunda undirstöðu með hærra álagi en 200 kPa beint á skeljagrús.
- Fyrir álag upp að um 500 kPa er ráðlagt að fylla undir undirstöðuna með möl að þykkt minnst tvöföld breidd undirstöðunnar og er þá miðað við að þar fyrir neðan geti verið skeljagrús.
- Fyrir álag allt að 1000 kPa er ráðlagt að fylla undir undirstöðuna með hágæða möl (vel drenuð möl úr köntuðum kornum) eða bögglabergi að þykkt minnst tvöföld breidd undirstöðunnar og er þá miðað við að þar fyrir neðan geti verið skeljagrús.
- Breidd malar eða bögglabergs á undirlaginu (skeljagrúsinni) þarf að vera minnst um þreföld breidd undirstöðunnar.

Ofantaldar tillögur eru hugmyndir en ekki endanleg hönnun á undirstöðu. Hverja undirstöðu þarf að hanna sérstaklega í samræmi við staðla.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur sem viðmiðun að fylling í húsgrunn skuli mælast í plötuprófi á frágengna fyllingu E2>120 MPa. Til þess að uppfylla þá kröfu hefur í nokkrum tilvika þurft að leggja lag af stöðugu (stabílu) efni (t.d. bögglabergi) ofan á Björgunargrús. Niðurstöður plötuprófa sýna að hægt er að ná viðmiðunargildum sem eru notuð í Reykjavík með 50 cm þykku lagi af púkki (samkvæmt skilgreiningu Gatnamálastjórans í Reykjavík) ofan á skeljagrús. Við teljum þetta óeðlilegar kröfur fyrir létt hús og álítum eðlilegra að miða við burðargildi samkvæmt töflu 4.2. Þegar um er að ræða fyllingu undir gólfplötu í íbúðarhúsi þarf væntanlega aðeins um 0,25 m þykkt lag af góðu fyllingarefni ofan á skeljagrúsina.

5.5 Eftirlit með þjöppun fyllinga

Hér gilda sömu ákvæði og í kafla 4.5.

6 NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslunni er gerð grein fyrir ýmsum niðurstöðum rannsókna á notkun skeljagrúsar í fyllingar. Niðurstöður sýna að skeljagrús hentar ágætlega í ýmsar fyllingar en þó misvel og með tilteknum takmörkunum varðandi meðhöndlun, álag og frágang viðkomandi fyllingar. Jafnframt eru niðurstöður rannsókna á skeljagrúsinni bornar saman við algengustu viðmiðanir fyrir önnun fyllingarefni.

Efniseiginleikar skeljagrúsar eru bornir saman við sams konar eiginleika algengustu fyllingarefna og sett fram tillaga að æskilegum sáldurferli, viðnámshorni, burðargetu og sigstuðlum skeljagrúsar. Gerð er grein fyrir tengslum E-gildis úr plötuprófi við helstu efniseiginleika.

Loks er sett fram tillaga að notkun skeljagrúsar í götur, vegi og fyllingu undir hús.

7 HEIMILDIR

1. Almenna verkfræðistofan hf. (1997). Skeljaefni. Athugun á notkunarmöguleikum skeljasands við hafnargerð. Jón Skúlason. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. September.
2. Almenna verkfræðistofan hf. (1998). Höfn utan Suðurgarðs. Hvaleyrargarður. Athugun á skeljaefni. Jón Skúlason. Unnið fyrir Hafnarfjarðarhöfn. Október.
3. Almenna verkfræðistofan hf. (1999). Athugun á notkunarmöguleikum skeljaefnis. Jón Skúlason. Unnið fyrir Gatnamálastjórann í Reykjavík. Febrúar.
4. Ístak hf. (1999). Upplýsingar frá Ásgeiri Loftssyni um notkun skeljefnis í Hafnarfirði.
5. Jón Skúlason (1993/94). Plötupróf á þjappaðri fyllingu úr bögglabergi og sjávarmöl Árbók VFÍ/TFÍ
6. Jón Skúlason (1998/99). Athugun á skeljaefni. Árbók VFÍ/TFÍ
7. Jón Skúlason, Einar M. Júlíusson, Oddur Þórðarson og Hafsteinn Hilmarsson (2003). Ysjunarhætta í íslenskum jarðefnum. Árbók VFÍ/TFÍ
8. Janbu, N. (1970). Grunnlag i geoteknikk. Tapir forlag 1970. Trondheim.
9. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (1989). Berggreiningakerfi Rb nr. 57 Keldnaholti, Reykjavík
10. Statens vegvesen (1991). Vegbygging. Vegnormaler 018. Vegdirektoratet, desember.
11. Statens vegvesen (1997). Håndbok 015. Retningslinjer. Feltundersøkelser. Vegdirektoratet. Mai 1997.
12. Statens vegvesen (1997). Håndbok 015. Retningslinjer. Laboratorieundersøkelser. Vegdirektoratet. Oktober 1997.
13. Thors, K. (1978) The sea-bed of the southern part of Faxaflói, Iceland, Jökull 28, 42-52.
14. Thors, K. and Helgadóttir, G. (1991) Evidence from south west Iceland of low sea level in early Flandrian times. Environmental Change in Iceland. Past and Present, 93-104.
15. VST hf. (1999). Upplýsingar frá Narfa Hjörleifssyni við breikkun Suðurlandsbrautar í Reykjavík.